

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 1, 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Sjávarútvegsmálaráðherra hefir tjáð mér, að stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna og stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hafi óskað þess, að numin verði úr lögum forgangsréttur samningabundinna viðskiptamanna fyrir öðrum um móttöku síldar hjá síldarverksmiðjum ríkisins. Þetta fyrirkomulag sé ekki hagkvæmt, enda ekki í samræmi við þá venju, sem fylgt hafi verið undanfarin ár.

Það beri því brýna nauðsyn til að breyta 10. gr. laga nr. 1/1938 á þann veg, að öll skip hafi sama rétt til afhendingar síldar til síldarverksmiðja ríkisins, hvort heldur þau eru í föstum viðskiptum eða ekki.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Orðin „Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um móttöku síldar“ í 10. gr. laganna falla niður.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. júní 1964.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*